

# Ísótóparannsókn - Octreoskann

Í rannsókninni er leitað að æxum sem hafa sérhæfða viðtaka. Rannsóknin sjálf tekur 2-3 daga en 4-5 daga með undirbúningi. Gera þarf ráð fyrir að koma nokkrum sinnum á deildina í mislangan tíma í hvert sinn.

## Undirbúningur

Kaupa þarf Picoprep hægðalyf í apóteki sem fæst án lyfseðils og kynna sér leiðbeiningar á fylgiseðli.

## Laugardagur

- Borða má léttan hádegisverð án kjötmetis, t.d. súpur, fisk eða ávexti.
- Eftir hádegi þarf að vera á fljótandi fæði og gæta þess að drekka vel af vökva yfir daginn.
- Klukkan 20:00 er fyrra bréfið af Picoprep blandað og drukkið.

## Sunnudagur

- Að morgni er seinna bréfið af Picoprep blandað og drukkið.
- Áfram þarf að vera á fljótandi fæði þar til rannsókn er lokið og drekka vel.

## Blöndun á Picoprep

Picoprep duftið er leyst upp í 150 ml af köldu vatni. Stundum hitnar lausnin þegar duftið leysist upp og ef slíkt gerist þarf að bíða með að drekka það þar til lausnin kólnar. Nánari upplýsingar er að finna á fylgiseðli.



Best er að nota inngang Eiríksgötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deilda 10G. Athygli er vakín á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

## Dæmi um fljótandi fæði

- |   |   |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none"><li>Tærar súpur, soð af súputeningum</li><li>Síðar ávaxta- og saftsúpur</li><li>Hafra- og hrísgjónaseyði (síðna hafra eða hrísgjón)</li><li>Tær ávaxtasafi (án aldiskjöts) og ávaxtahlaup (jello)</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>Tærir orkudrykkir t.d. Gatorade og Powerade</li><li>Gosdrykkir og pilsner (ekki maltöl)</li><li>Frostpinnar án súkkulaðihúðar</li><li>Kaffi og te með hunangi eða sykri, án mjókur, þó ekki meira en þríja bolla á sólarhring</li></ul> |
|---|---|

## Rannsóknardagur

### Mánudagur

- Hringja þarf á deildina í síma 543 5050 kl. 08:30 til að vita hvort ísótópinn sé kominn á deildina.
- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni.
- Liggja þarf kyrr á rannsóknarbekk á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.

Mánudagur: Gefinn ísótópur	Þriðjudagur: Myndataka	Miðvikudagur: Myndataka
<ul style="list-style-type: none"><li>Tekur um 45 mínútur.</li><li>Drekka vel eftir inngjöf, þar til mæta þarf í myndatöku fjórum klst. síðar.</li><li>Myndataka tekur um 60 mín.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Mæta á deild kl. 08:30</li><li>Myndataka tekur um þrjár klst. með nokkrum hléum.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Mæta á deild kl. 08:30</li><li>Myndataka tekur um tvær klst. með nokkrum hléum.</li></ul>

### Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan tveggja vikna til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkust. eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvellinum. Starfsfólk deilda veitir nánari upplýsingar um það.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, [isotop@landspitali.is](mailto:isotop@landspitali.is)